

184. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 15. febrúar 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Sigvaldadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sitja fundinn undir þessum lið, þau eru: Arnbjörg Stefánsdóttir, Hrafnhildur Jónsdóttir, Guðrún Hjörleifsdóttir, Gíslína Erna Valentínusdóttir, Guðrún Gísladóttir.

1. 2202050 - Skóladagatal grunnskólanna 2022

Skóladagatal grunnskólanna á Akranesi fyrir skólaárið 2022 - 2023 lagt fram. Í lögum um grunnskóla frá 2008 er gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir skóladagatali grunnskóla og sé það lagt fyrir skólanefnd sem staðfestir gildistöku þess.

Skóla- og frístundaráð fjallar um tillögu að skóladagatali fyrir skólaárið 2022 - 2023 og erindinu vísað til næsta fundar en þá hafa farið fram samtöl við fulltrúa leikskóla, tónlistarskólans og Fjölbautskóla Vesturlands.

Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna yfirgefa fundinn.

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna taka sæti á fundinum undir liðum 2, 3. 4. þær: Íris Guðrún Sigurðardóttir og Guðrún Sigvaldadóttir.

Einnig sitja aðrir leikskólastjórar fundinn undir sömu liðum, þær Ingunn Ríkharðsdóttir og Anney Ágústsdóttir.

2. 2202054 - Sumarleyfi leikskólanna 2022

Fjallað um sumaropnun leikskólanna á Akranesi 2022

Skóla- og frístundaráð samþykkir að sumarleyfi leikskólanna sumarið 2022 verði fjórar vikur. Óskað er eftir að leikskólastjórar leggi fram tillögu að lokunartíma einstaka leikskóla eftir framkvæmd skoðanakönnunar meðal foreldra að höfðu samráði við starfsmenn leikskólans.

3. 2112080 - Innritun í leikskóla 2022

Í mars nk. fer fram innritun barna í leikskólana á Akranesi.

Ákvörðun um innritun í leikskólana vísað til fundar í mars.

4. 2112105 - Stefnumótun - áherslur árið 2022

Umræður um stefnumótun fyrir leikskólastigið á Akranesi.

Áheyrnarfulltrúar yfirgefa fundinn.

5. 2202055 - Íþróttastefna

Umræða um mótun íþróttastefnu fyrir Akraneskaupstað í samstarfi við ÍA.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að óska eftir við framkvæmdastjórn ÍA að taka þátt í sameiginlegri vinnu við mótun íþróttastefnu fyrir Akraneskaupstað og ÍA.

6. 2201087 - Dalbraut 8 - uppbygging

Lagt fram til kynningar erindisbréf vegna uppbyggingar samfélagsmiðstöðvar að Dalbraut 8.

7. 2202072 - Kraftlyftingar og hnefaleikar

Skóla- og frístundaráð samþykkir erindi vegna æfingaaðstöðu fyrir kraftlyftingar og hnefaleika og vísar málinu til bæjarráðs.

8. 2108135 - Jafnlaunavottun - viðhaldsvottun 2022

Viðhaldsvottun jafnlaunvottunar fer fram dagana 28. febrúar og 1. mars næstkomandi.

Jafnlaunakerfi Akraneskaupstaðar er í sífelldri endurskoðun og lögð er til smávægilegar orðalagsbreytingar á jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar sem samþykkt var í bæjarstjórn Akraness þann 12. janúar 2021.

Skóla- og frístundaráð samþykkir breytingar á jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar og vísar stefnunni til samþykktar í bæjarstjórn Akraness.

9. 2202066 - Sérfræðiþjónusta í leikskóla - þjónustupörf

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu í bæjarráði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.